

Áætlun menntamálaráðuneytis til þriggja ára um ytri úttektir á háskólastigi

Lögum samkvæmt hefur menntamálaráðherra eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar landsins veita. Markmið gæðaeftirlits með kennslu á háskólastigi er að viðhalda og auka gæði kennslu í háskólum, bæta skipulag í starfsemi skólanna, stuðla að aukinni ábyrgð háskólastofnana á eigin starfsemi og tryggja samkeppnishæfni þeirra á alþjóðavettvangi.

Í samningum um kennslu og rannsóknir sem menntamálaráðuneyti gerir til þriggja ára við hvern háskóla eru sett sérstök ákvæði um aukin gæði náms og þróun gæðakerfa á háskólastigi. Þar er m.a. tekið fram að menntamálaráðuneyti skuli

birta yfirlit yfir úttektir sem gerðar eru á háskólastigi á ákveðnu tímabili.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að eftirfarandi úttektir á háskólum verði gerðar á árunum 2005-2007:

- [Háskólinn á Akureyri](#): Á vormisseri 2005 verður gerð stofnanaúttekt á háskólanum og haustið 2006 mun hefjast fagúttekt á félagsvísinda- og lagadeild.
- [Háskóli Íslands](#): Á vormisseri 2005 hefst fagúttekt á hugvísindadeild háskólans og á

vormisseri 2006 verður einnig gerð fagúttekt á raunvísindadeild.

- [Háskólinn í Reykjavík](#): Gerð verður fagúttekt á lagadeild háskólans haustið 2007.
- Þá verður árið 2007 gerð fagúttekt á meistaranámi í viðskiptafræði þvert á þær stofnanir sem upp á það nám bjóða en það eru Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og [Viðskiptaháskólinn á Bifröst](#).

Ákvörðun um þessar úttektir útilokar þó ekki framkvæmd annarra úttekta og gerð kannana á háskólastigi á tímabilinu.

Aukinn fjöldi nemenda í námi

Haustið 2004 voru skráðir nemendur á framhaldsskóla- og háskólastigi fleiri en nokkru sinni fyrr eða 40.497 samkvæmt [Hagstofu Íslands](#). Í framhaldsskóla eru skráðir 24.220 nemendur og 16.277 nemendur í háskóla. Skráðum nemendum í námi á háskólastigi hefur fjölgað um 92,0% frá haustinu 1997 en nemendum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað um 19,8% á sama tímabili. Konur eru umtalsvert fjölmennari en karlar eða 23.218 (57,3%) en karlar eru 17.279 (42,7%).

Nemendum í fjarnámi fjölgað jafnt og þétt og eru þeir nú talsvert fjölmennari en nemendur í kvöldskólum. Haustið 2004 stunda rúmlega 80% nemenda nám í dagskóla, rúm 12% nemenda fjarnám og rúm 7% eru í kvöldskóla.

Starfshópur um skipan bókmennta

Menntamálaráðherra hefur skipað starfshóp til að gera tillögur um breytingar, m.a. lagalegs eðlis, á skipulagi sjóða er styrkja bókmenntir og bókaútgáfu og tillögur um fyrirkomulag kynninga á íslenskum bókmenntum erlendis. Gert er ráð fyrir að tillögur starfshópsins liggi fyrir í vor. Hópin skipa Þorgeir Ólafsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur, tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands og Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri, tilnefndur af Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Á vegum menntamálaráðuneytis eru tveir bókmenntasjóðir:

Bókmenntakynningarsjóður og Þýðingarsjóður. Undir ráðuneytið heyrir einnig Menningarsjóður, en stjórn hans er skipuð beint af Alþingi, og Bókasafnssjóður höfunda, sem greiðir höfundum fyrir útlán á verkum þeirra af bókasöfnum, auk þess að veita beina styrki til rithöfunda.

Bókmenntakynningarsjóður rekur skrifstofu sem m.a. sinnir ýmsum kynningarmálum erlendis og tengslum við sambærilegar stofur á Norðurlöndum. Hlutverk starfshópsins er m.a. að líta til allrar þessarar starfsemi og gera tillögur um leiðir til að auka hagræðingu og árangur af atbeina ríkisins á sviði bókmennta.

Ráðherra fundar með samstarfsnefnd starfsgreinaráðanna

Menntamálaráðherra fundaði með samstarfsnefnd starfsgreinaráðanna (SAMSTARF) þann 18. janúar sl. SAMSTARF hefur það hlutverk að stuðla að tengslum skóla og atvinnulífs og vera menntamálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í starfsmáli og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsmáls. Fundurinn var jafnframt síðasti fundur nefndarinnar og nú stendur yfir tilnefningarferli fyrir verkefni næstu fjögurra ára. Nefndin er skipuð 18 fulltrúum, tilnefndum af ASÍ, BSRB, VSI og Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Auk þess sitja í nefndinni einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir fulltrúar

kennara og skólastjórnenda. Ráðherra þakkaði nefndarmönnum fyrir störf sín undanfarin ár og ræddi við fundarmenn um styttingu námstíma til stúdentsprófs og mikilvægi þess að starfsmál fái sérstaka athygli í því ferli.

Nýr skrifstofustjóri á fjármálasviði menntamálaráðuneytis

Menntamálaráðherra hefur skipað Gísla Þór Magnússon skrifstofustjóra fjármálasviðs ráðuneytisins frá 1. janúar 2005. Gísli lauk B.A. gráðu í rekstrarhagfræði frá Hróarskelduháskóla í Danmörku árið 1993 og mastersgráðu í opinberri stjórnáslu frá sama skóla árið 1996. Að loknu námi vann Gísli að ýmsum verkefnum fyrir fjármálaráðuneyti. Í árslok 1996 hóf hann störf í menntamálaráðuneyti sem deildarstjóri fjárhagsdeildar og gegndi því starfi til síðustu áramóta þegar hann tók við embætti skrifstofustjóra.



Úttekt á Listaháskóla Íslands

Út er komin úttekt á rekstri og stjórnun Listaháskóla Íslands samkvæmt samkomulagi 31. ágúst 2004. Menntamálaráðuneyti fól IMG Deloitte að gera úttektina og er skýrslan aðgengileg á vef ráðuneytisins.

